



Lokaverkefni í félagsráðgjöf

til BA-gráðu

Hver er ég, hvaðan kem ég?

Um rétt barna til að þekkja uppruna sinn

Snjólaug Aðalgeirsdóttir

Leiðbeinandi Helga Sól Ólafsdóttir
Júní 2014



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ
FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Hver er ég, hvaðan kem ég?
Um rétt barna til að þekkja uppruna sinn

Snjólaug Aðalgeirsdóttir
150872-4219

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsráðgjöf
Leiðbeinandi: Helga Sól Ólafsdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2014

Hver er ég, hvaðan kem ég? Um rétt barna til að þekkja uppruna sinn

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsráðgjöf
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Snjólaug Aðalgeirsdóttir, 2014

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2014

Útdráttur

Fjölskylduformið hefur breyst í gegnum tíðina og í kjölfarið hafa barneignir og hvernig þeim er háttað breyst að sama skapi. Börn geta eignast stjúpforeldra, kjörforeldra, eru tekin í fóstur og verið getin með tæknifrjógvun. Lagaleg áhrif skipta meira máli þegar um nýja tækni og ættleiðingar er að ræða og oft þarf að skera úr um hver er faðir og móðir barnsins. Með tilkomu Samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálans, hefur verið einblínt á að börn njóti þeirra réttindi að þekkja uppruna sinn, geti fengið umönnun beggja foreldra og að ávallt sé hugsað um hvað barninu er fyrir bestu. Íslensk barnalög styðjast við Samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og kemur þar fram að börn eigi að þekkja báða foreldra sína en þó eru önnur ákvæði í lögum um tæknifrjógvun sem segja að gjafi geti notið nafnleyndar ef hann óskar þess, sem gerir það að verkum að barn getur ekki alltaf leitað uppruna síns.

Svíþjóð, Bretland, Austurríki, Sviss, Þýskaland, Holland, Nýja Sjáland og Ástralía eru dæmi um lönd sem hafa aflétt nafnleynd á gjöfum og því geta börn alltaf leitað uppruna síns ef þau óska þess. Rannsóknir sýna að börn vilja þekkja uppruna sinn því þau telja mikilvægt að þekkja hvar ræturnar liggja, vita hvort þau eigi systkini, og hver heilsufarssaga gjafa er til að þau þekki sig betur og geti skilgreint sig á réttan hátt. Þetta telja þau stuðla að betra lífi en fara ekki endilega fram á að umgangast líffræðilega foreldra. Þetta á einnig við börn sem ættleidd eru.

Formáli

Heimildaritgerð þessi er lokaverkefni til BA-prófs við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Verkefnið er metið til 12 ECTS eininga og ber titilinn: Hver er ég, hvaðan kem ég: Um rétt barna til að þekkja uppruna sinn. Vinnan við verkefnið hófst í janúar 2014 og lauk í maí 2014. Leiðbeinandi lokaverkefnisins er doktor Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi á Kvenna- og barnasviði Landspítalans og vil ég þakka henni innilega fyrir faglega leiðsögn við skrif ritgerðarinnar. Fyrir yfirlestur vil ég þakka Bergsteini Jónssyni og Þorgerði Aðalgeirsdóttur innilega fyrir hjálpina.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	3
Formáli.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Myndaskrá	7
1 Inngangur	8
2 Fjölskyldan og breytingar á fjölskyldugerðinni	11
2.1 Hugtakið fjölskylda.....	11
2.2 Fjölskylduform	12
2.3 Foreldri.....	13
2.3.1 Kynforeldri.....	13
2.3.2 Stjúpforeldri	14
2.3.3 Kjörforeldri.....	15
2.3.4 Fósturforeldri	15
3 Kenningar	17
3.1 Þarfapýramídi Maslows	17
3.1.1 Þarfir barns	19
3.1.2 Félagslegur stuðningur	19
3.2 Tengslakenning Bowlby	20
3.3 Líffræðilegir þættir á móti uppeldi (nature versus nurture)	21
3.3.1 Líffræðilegir þættir (Nature)	22
3.3.2 Uppeldi (Nurture).....	22
4 Réttindi barna	24
4.1 Íslensk löggjöf	25
5 Óhefðbundnar leiðir til að eignast foreldra	27
5.1 Siðfræði.....	27
5.2 Tæknifrjóvgun	28
5.3 Ættleiðing.....	30
5.4 Fóstur	32
6 Börnin og leit þeirra að uppruna sínum.....	33
7 Hlutverk félagsráðgjafa	37
7.1 Félagsráðgjafar sem heilbrigðisstétt.....	37
7.2 Hlutverk félagsráðgjafa í ættleiðingarmálum	38
7.3 Hlutverk félagsráðgjafa í tæknifrjóvgunarmálum.....	39

7.4 Hlutverk félagsráðgjafa í fósturmálum	40
8 Umræður og lokaorð	42
Heimildaskrá	44

Myndaskrá

Mynd 1: Þarfapýramídi Maslows.....	18
------------------------------------	----

1 Inngangur

Það er í eðli mannsins að finna til löngunar að eignast barn og barneignir eru mikilvægar til að viðhalda samfélögum (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Í dag stofnar fólk til ástarsambanda en velur hvort eða hvenær barneignir verði á dagskrá, en það hefur ekki þekkst áður í mannkynssögunni. Félagsfræðingarnir Giddens, Beck og Beck-Gernsheim hafa lagt áherslu á mikilvægi þess að fólk geti tekið sínar eigin ákvarðanir og skapað sitt eigið líf í nútíma samfélagi og telja það skilgreina nútímamanninn (Rijke og Knijn, 2009).

Barneignir á Vesturlöndum hafa breyst mikið á undangengnum áratugum í þá átt að velja hvenær eða hvort eignast eigi barn (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006; Rijke og Knijn, 2009). Nú er sá möguleiki fyrir hendi að stjórna barneignunum vegna tilurðar öruggari getnaðarvarna. Foreldrar eru eldri þegar barneignir eru ákveðnar og eignast færri börn í kjölfar þess að atvinnuþátttaka kvenna hefur aukist. Það hefur þau áhrif að barneignum er meira stýrt en áður og hversu mörg börn skuli eignast. Íslenskar rannsóknir á barnafjölskyldum hafa sýnt fram á að þegar foreldrar eignast börn finnst þeim með tilkomu barnanna þau tilheyra fjölskyldu og skiptir ekki máli þó fjölskylduformið hafi breyst í gegnum tíðina (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Barneignir geta ekki alltaf orðið með náttúrulegum hætti því sum pör glíma við ófrjósemi og getur það valdið því að þeim finnist þau ekki tilheyra samfélaginu og þráin eftir barni verður mjög sterk. Þó sumir geti ekki eignast börn er ekki þar með sagt að þau ógni viðteknum gildum í samfélaginu þó þeim sjálfum finnist þau ekki falla inn í þau gildi sem eru þar fyrir (Newman og Grauerholz, 2002). Ófrjósemi getur haft líffræðilegar orsakir og talið er að vandamál tengt ófrjósemi komi upp í 30% tilvika hjá konunni, 30% tilvika hjá karlinum og 30% tilvika hjá báðum aðilum. Þau 10% sem eftir standa er talið vera óútskýrð ófrjósemi. Ófrjósemi getur verið tilkomin vegna sjúkdóma en einnig getur hún verið meðfædd (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006). Nú á tímum eru mun fleiri úrræði í boði fyrir fólk sem glímur við ófrjósemi eins og til að mynda að fá aðstoð með tilkomu tækninnar, að ættleiða og í sumum löndum er möguleiki á staðgöngumæðrun. Fyrir

suma er mikilvægt að eignast börn sama hvað það kostar til þess að geta uppfyllt þær kröfur sem samfélagið setur hvað það varðar (Newman og Grauerholz, 2002).

Það getur verið bæði gefandi og þroskandi að eignast barn en getur jafnframt verið erfitt og krefjandi. Uppeldi snýst að stórum hluta um að veita barni ást, hlýju og umhyggju. Mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um þessar þarfir barnsins og hvernig best sé að mæta þeim svo barnið nái að þroskast sem sterkur og jákvæður einstaklingur sem er sáttur við sjálfan sig og þar af leiðandi betur í stakk búinn til þess að takast á við það sem lífið hefur upp á að bjóða. Flestum foreldrum tekst vel til með uppeldi barna sinna og setja það í forgang fremur en allt annað en sumum þeirra fellur þetta hlutverk alls ekki eins vel úr hendi af ýmsum ástæðum (Sæunn Kjartansdóttir, 2009).

Fólk hefur misjafna sýn á hvers eðlis það er að vera móðir eða faðir (Ástríður Stefánsdóttir, 2010). Til að verða foreldri og taka að sér það hlutverk krefst mikillar ábyrgðar en einu skilyrðin sem sett eru fyrir verðandi foreldra sem eignast barn á hefðbundin hátt er að vera orðin kynþroska og að vera sjálfráða (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Með tilkomu breytinga í líftækni og læknávisindum hefur hugmyndin gjörbreytt á því hvað er að vera móðir annars vegar og faðir hinsvegar og hvernig ábyrgð skuli vera tekin á foreldrahlutverkinu (Ástríður Stefánsdóttir, 2010).

Með tilkomu tæknifrjógana, ættleiðinga, fósturs og breytinga á fjölskyldumynstri þarf að huga að barninu, hverjar þarfir þess eru, hvað því sé fyrir bestu og hver réttindi þess eru í breyttu landslagi barneigna.

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða hver réttur barns er til að þekkja uppruna sinn og hvaðan það kemur. Horft verður til þeirra breytinga sem orðið hafa á fjölskylduforminu, þeirra breytinga sem orðið hafa á barneignum og horft á það útfrá lagalegu og siðferðilegu sjónarhorni. Horft verður til þess hvað skiptir meginmáli í að gæta hagsmuna barnsins þegar kemur að ættleiðingu, fósturi og tæknifrjövgun til að barnið geti lifað góðu, heilbrigðu og öruggu lífi og fengið gott uppeldi. Horft verður að mestu til réttinda barnsins á Íslandi og hvernig réttur þess er til að þekkja uppruna sinn. Einnig verður litið til annarra landa með því að skoða hvernig málum er þar háttað og einblínt á sjónarhorn barnsins og hagsmuni þess. Þó tengsl og umgengni við foreldra sé stór þáttur í lífi hvers barns, verður hér sjónum beint að mikilvægi uppruna barnsins.

Leitast verður við að svara eftirfarandi spurningum; Hver er réttur barna til að þekkja uppruna sinn og skiptir vitneskjan um upprunann máli fyrir barnið? Hlutverk félagsráðgjafans verður skoðað með tilliti til vinnu hans tengdum tæknifrjóvgun, ættleiðingu og fósturs.

Ritgerð þessi er heimildaritgerð og byggir meðal annars á fræðigreinum, fræðibókum, lögum, reglugerðum, skýrslum og upplýsingum af vefum ráðuneyta. Ritgerðin skiptist í átta kafla með undirkafla. Fyrsti hlutinn er inngangur, annar hlutinn fjallar um fjölskyldur og breytingar á fjölskyldugerðinni í gegnum árin og hver staðan er í dag. Í þriðja kafla er farið í kenningar sem tengjast efni ritgerðarinnar, í fjórða kafla er fjallað um réttindi barna til að þekkja uppruna sinn með vísun í íslenska löggjöf, í fimmta kafla er fjallað um þær leiðir sem barn getur eignast foreldra í dag, utan hefðbundinna leiða. Í sjötta kafla er leit barna að uppruna sínum skoðuð og hver staðan er í ýmsum löndum útfrá lagalegu og siðferðilegu sjónarmiði hvað varðar rétt þeirra til að afla sér þessara upplýsinga. Í sjöunda kafla er farið yfir hlutverk félagsráðgjafans almennt og í tengslum við viðfangsefni ritgerðarinnar og í lokakaflanum eru umræður og lokaorð.

2 Fjölskyldan og breytingar á fjölskyldugerðinni

Á öldum áður, í bændasamfélaginu, var litið á fjölskylduna sem bæði framleiðslu- og neyslueiningu. Ásamt meðlimum fjölskyldunnar sem tengdir voru blóðböndum, voru einnig vinnuhjú og vinnufólk við framleiðslustörfin. Það fólk var hluti af „fjölskyldunni“ og deildi sömu kjörum og heimilisfólkið. Með tilkomu iðnbyltingarinnar breyttist búsetu-, framleiðslu- og þjóðfélagshættir sem gera má ráð fyrir að hafi breytt fjölskylduformgerðinni verulega. Eftir seinni heimsstyrjöldina og til dagsins í dag hafa aðstæður breyst töluvert í íslensku samfélagi sem hefur haft áhrif á hvernig fjölskyldan hefur þróast. Á eftirstríðsárunum byggðist hefðbundin fjölskylda á mörgum einstaklingum og oft bjuggu þrjár til fjórar kynslóðir saman. Nú á tímum eru færri einstaklingar í hverri fjölskyldu, en meðalstærð á heimili voru 6 meðlimir en hefur fækkað í 3,5 meðlimi (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1994; Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Fjölskyldan hefur haft misjafna stöðu í samfélaginu í gegnum tíðina og félagslegt hlutverk hennar hefur ekki alltaf verið skýrt. Hlutverk fjölskyldunnar hefur ráðist að miklu leyti af því hvaða hugmyndir eru uppi á hverjum tíma og hverju menningarsvæði fyrir sig (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

2.1 Hugtakið fjölskylda

Reynt hefur verið að skilgreina hugtakið „fjölskylda“ en það hefur þótt flókið þrátt fyrir að fjölskyldan sem slík sé mikilvæg í samfélaginu í dag, því hún tengir fólk saman og skiptir máli í lagalegu umhverfi (Newman og Grauerholtz, 2002).

Newman og Grauerholtz (2002) telja að erfitt sé að koma með alþjóðlega skilgreiningu sem allir geta samþykkt því hún tekur stöðugum breytingum eftir tíðarandanum hverju sinni. Þeir vilja meina að það að festa eina einhlíta skilgreiningu á hugtakinu fjölskylda væri eins og að reyna að negla búðing upp á vegg. Þó hafa verið settar upp þær skilgreiningar að fólk geti myndað fjölskyldu sem býr á sama heimili, er í sambúð eða er gift, eiga börn sem búa hjá þeim, eru skyld, tengjast við ættleiðingu eða er samkynhneigt (Newman og Grauerholtz, 2002).

Það hefur einnig verið talað um kjarnafjölskylduna og feðraveldið sem hefur verið ríkjandi hvað lengst í heiminum (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Samkvæmt skilgreiningu

Hagstofunnar er kjarnafjölskylda hjón eða sambúðarfolk með eða án barna undir 18 ára, eða einstæðir feður eða mæður með börn á framfæri undir 18 ára aldri. Einstaklingar 18 ára og eldri sem ekki eru í sambúð eða í hjónabandi og hafa ekki barn á sínu framfæri teljast utan kjarnafjölskyldu, jafnvel þótt þeir dveljast enn hjá foreldrum sínum (Hagstofa Íslands, 2010). Þegar skilgreining Hagstofunnar á fjölskyldunni er skoðuð nánar kemur í ljós að ekki er gerður mikill greinarmunur á fjölskyldugerðum og stjúp-fjölskyldur eru því taldar til kjarnafjölskyldna. Þetta á einnig við um einhleypt fólk með börn yngri en 18 ára, hjón og fólk í óvígðri sambúð. Hagstofan veitir þó upplýsingar um stjúpættleiðingar og er þá átt við það þegar að maki umsækjenda ættleiðir barn hans (Valgerður Halldórsdóttir, 2012).

Þegar fjölskylda er skilgreind er einnig horft til líffræðilegra jafnt sem félagslegra einkenna mannsins en barn getur fengið umönnun utan sinnar eigin líffræðilegu fjölskyldu. Það sem skiptir mestu máli fyrir barnið er að fullorðnir í fjölskyldunni beri ábyrgð á því og sinni líffræðilegum þörfum þess ásamt félagslegum hlutverkum. Þær þarfir og það hlutverk sem um ræðir eru umönnun og framfærsla ásamt því að veita þeim ástúð, umhyggju og félagsskap og hjálpa þeim þegar kemur að félagsmótuninni í samfélaginu (Kristinn Karlsson, 1994).

Þegar skilgreina á nútímafjölskylduna er oft á tíðum gert ráð fyrir að formgerð og tengsl séu breytileg en lögð sé áhersla á kærleika og tryggð. Þau fjölskyldutengsl sem eru til staðar eigi að geta skapað bæði hinum fullorðnu og börnum öryggi, skjól og þroskað þau tilfinningalega (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

2.2 Fjölskylduform

Nú tíðkast að tala um fjölskyldur en ekki fjölskylduna sem felst í því að viðurkennt sé að fjölskyldugerðin og sambúðarformið hefur breyst á undanförunum áratugum. Einnig hafa lífshættir mótast með tilkomu framfara í vísindum og nefna má að líftækni og tækniþróun hefur gert það að verkum að konur hafa möguleika á að stofna einar til fjölskyldu. Einnig eru hjónabönd samkynhneigðra að verða viðurkennd í fleiri og fleiri samfélögum og eiga eftir að verða mun algengara sambúðarform en áður (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson, 1995).

Dæmi um fjölskylduform í samfélaginu í dag eru:

- **Kjarnafjölskylda:** Karl og kona sem eru gift eða í vígðri eða óvígðri sambúð með barn eða börn.
- **Einforeldrisfjölskylda:** Fráskilin kona eða maður með barn eða börn, ekkja eða ekill með barn eða börn eða þá einhleyp eða ógift kona með barn eða börn.
- **Ættleiðingarfjölskylda:** Hjón sem hafa ættleitt eitt eða fleiri börn erlendis frá eða frá Íslandi.
- **Stjúpfjölskylda:** Bæði eða annað hjóna eiga eitt eða fleiri hjónabönd eða sambúð að baki, til að mynda geta bæði hafa verið gift áður eða einungis annað þeirra. Þau geta bæði eða annað þeirra, átt barn eða börn af fyrra sambandi eða hjónabandi sem býr hjá þeim eða hjá hinu foreldrinu og það barn er þá hjá annarri fjölskyldu.
- **Samkynjafjölskylda:** Tveir karlar eða tvær konur sem eru í sambúð eða gift og eru með eigin börn eða ættleidd en sum hver án barna (Sigrún Júlíusdóttir, 2001).

Þær fjölskyldugerðir sem eru algengastar í dag eru stjúpfjölskyldur ásamt einforeldrisfjölskyldum (Sigrún Júlíusdóttir, 2001; Þórhallur Heimisson, 2006).

2.3 Foreldri

2.3.1 Kynforeldri

Foreldri er samkvæmt íslensku orðabókinni faðir og móðir barns og er faðir karlmaður sem hefur getið barnið (Edda, 2007). Ekki er langt síðan að skilgreiningin á foreldri var einfaldlega að foreldrar voru kynforeldrar barns, fósturforeldrar og í sumum tilfellum sem kjörforeldrar (Þórhildur Líndal og Flóki Guðmundsson, 2007).

Nú er erfiðara að skilgreina hvað felst í hugtakinu foreldri og ljóst að ekki er lengur hægt að skilgreina það eingöngu útfrá erfðafræðilegum þáttum. Fjölskyldur hafa breyst í gegnum tíðina eins og áður hefur komið fram og þarf því að skoða með tilkomu nýrrar

tækni hvernig foreldrahlutverkinu er háttað útfrá lagalegum sjónarmiðum (Moyal og Shelley, 2010).

Félagsleg tengsl og erfðafræðilegur skyldleiki milli foreldra og barns voru nokkuð samofin en tengslin hafa rofnað á mun ákveðnari hátt en áður þekktist. Nú á dögum er ekki sjálfgefið að barn sem fæðist viti hvernig það varð til og hvert kynforeldri þess er. Nú er sá möguleiki fyrir hendi að þau séu getin á annan hátt en hin náttúrulega og viti því ekki hvaðan erfðaefnið sem þau bera komi. Talað er um að vegna tilkomu tæknilegra möguleika á að eignast barn hafi þurft að endurskilgreina foreldrahugtakið. Hægt er að tala um þrenns konar mæður en það eru hin erfðafræðilega móðir, hin félagslega móðir og meðgöngumóðirin. Faðirinn er einnig skilgreindur sem bæði erfðafræðilegur faðir og félagslegur faðir (Ástríður Stefánsdóttir, 2010). Foreldri barns getur því ekki lengur verið skilgreint eingöngu útfrá líf- og erfðafræði (Moyal og Shelley, 2010).

Til eru skilgreiningar á nokkrum gerðum foreldra auk þeirra algengustu og eru það stjúppforeldrar, kjörforeldrar og fósturforeldrar.

2.3.2 Stjúppforeldri

Í íslensku orðabókinni er stjúppfaðir og stjúppmóðir skilgreind sem einstaklingur sem býr með eða er giftur öðrum einstakling sem á barn eða börn úr fyrra sambandi (Valgerður Halldórsdóttir, 2012). Stjúppforeldrar hafa möguleika á að ættleiða börn maka, ef makinn fer með forsjá barna sinna og er einstæður og er þá talað um stjúppættleiðingu (Lög um ættleiðingar nr. 130/1999). Stjúppforeldrið er jafnframt talið eiga að koma stjúppbörnum í móður- eða föðurstað. Það getur valdið vandkvæðum ef ekki er samstaða um hvaða hlutverki stjúppforeldrið á að gegna í hinu nýja sambandi en einnig geta hlutverkin verið fleiri ein eitt og geta þróast þegar á tímann líður (Valgerður Halldórsdóttir, 2012).

Einn af styrkleikum þess að hafa stjúppforeldri í fjölskyldunni er að fleiri einstaklingar koma að foreldrahlutverkinu og ef góð samvinna næst milli foreldra þá verður barnið ánægðara og býr að því að hafa fleiri aðila sér til stuðnings í lífinu. Ef samvinnan næst hins vegar ekki að vera góð milli foreldra getur það ollið erfiðleikum fyrir alla fjölskylduna. Það tekur tíma að stilla alla fjölskylduna saman sem reynir á samvinnuna og þess að gæta hagsmuna allra í fjölskyldunni (Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Rannsóknir hafa sýnt fram á að með tímanum batni sambönd milli stjúppbarna og stjúppforeldra, stöðugleikinn eykst og stjúppforeldrarnir fara að auka tíma sinn með stjúppbörnum sínum

og sinna þeim á jákvæðan hátt með því að taka meiri þátt í daglegum athöfnum þeirra (Stewart, 2005).

2.3.3 Kjörforeldri

Kjörforeldri er samkvæmt orðabók karl eða kona (hjón) sem ættleiðir/ættleiða barn (Edda, 2007).

Kjörforeldri er ekki endilega að glíma við ófrjósemi eða barnleysi en oftast nær er það tilfellið þegar óskað er eftir því að ættleiða barn á milli landa (Hrefna Friðriksdóttir, 2011). Þegar stofnað er til tengsla milli annarra en kynforeldra og einstaklings er um ættleiðingu að ræða og veitir sýslumaður leyfi til ættleiðingarinnar (Ættleiðingarlög nr. 130/1999). Samkvæmt 16. gr. Haag-samningsins er litið svo á að þegar velja á kjörforeldra fyrir barn þurfi fyrst og fremst að huga að því að væntanlegir kjörforeldrar geti þjónað hagsmunum barnsins sem best. Upprunaríki þarf að skoða vandlega hverja umsókn fyrir sig og fá fagaðila til að meta hvort kjörforeldrar og barn henti hvort öðru. Þetta er talin mikilvægasti þátturinn í ættleiðingarferlinu og getur haft úrslitavald um hvort ættleiðingin verði talin vera barninu fyrir bestu. Samkvæmt 29. gr. Haag-samningsins mega kynforeldrar og kjörforeldrar eða aðrir umsjónaraðilar barnsins ekki vera í samskiptum fyrr en ákveðnum skilyrðum er framfylgt en undantekning er gerð ef ættleiðingin fer fram innan fjölskyldu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Þegar ættleiðing verður gild öðlast kjörbarnið almennt sömu réttarstöðu gagnvart sínum kjörforeldrum eins og það væri þeirra eigið barn og á sama tíma falla almennt niður lagaleg tengsl kynforeldra við barnið (Ættleiðingarlög nr. 130/1999).

2.3.4 Fósturforeldri

Skilgreining á fósturforeldri er þegar aðili hefur tekið barn í lögmætt fóstur. Með hugtakinu fóstur er átt við það þegar barnaverndarnefnd felur sérstökum fósturforeldrum forsjá eða umsjá barns og hefur fengið samþykki kynforeldra (Dávíð Þór Björgvinsson, 1995; Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Samkvæmt 67. gr. barnaverndarlaga velur barnaverndarnefnd í samráði við Barnaverndarstofu fósturforeldra til handa barni sem koma þarf í fóstur. Þá hafa mögulegir fósturforeldrar farið í gegnum mat á hæfi þeirra, hvort þeir búi við almennt gott heilsufar en einnig hvort það sé stöðugleiki á heimilinu og að þeir búi við félagslegt

og fjárhagslegt öryggi. Þeir þurfa að geta gert sér grein fyrir þörfum barnsins vegna aðstæðna sem það hefur búið við og tryggja að barninu sé veitt öryggi og umhyggja á meðan það er í fóstri. Það ber að vanda valið þegar kemur að fósturforeldrum því við það val þarf að hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi og horfa þarf til þarfa þess. Barnið þarf að geta búið við stöðugleika á nýjum stað og gæta þarf þess að hagur þess raskist eins lítið og mögulegt er miðað við aðstæður (Hrefna Friðriksdóttir, 2013).


Hér hefur verið tæpt á því með hvaða hætti barn getur eignast foreldra á hefðbundinn og óhefðbundinn hátt. Það sem skiptir máli fyrir barnið, sama hvernig það eignast sína foreldra er að það búi við gott uppeldi, öryggi og hlýju. Það þarf að horfa til þarfa þess, það nái að þroskast og dafna og nái tengslum við umönnunaraðila sína og að ávallt sé hugsað til þess hvað barninu er fyrir bestu.

3 Kenningar

Kenningar eiga að vera í stöðugri þróun, ekki er hægt að segja að þær séu einungis réttar eða rangar, frekar ætti að horfa á þær í því samhengi hvort þær séu nothæfar, geta útskýrt það sem verið er að taka til umfjöllunar og nota sem ákveðin viðmið. Engin ein kenning útskýrir nákvæmlega það sem skoðað er en hjálpar til við að sjá samhengi hluta eins og til að mynda þegar fjallað er um rétt barna á að þekkja uppruna sinn og hverjar þarfir þess eru (Bond, Briggs og Coleman, 2001). Hlutirnir líta misjafnlega út eftir því hvernig hver og einn horfir á þá og einnig eftir því hver hugmyndafræði samfélagsins er á hverjum tíma. Við horfum á hlutina út frá okkar persónulega sjónarhorni og hvernig við horfum á heiminn í kringum okkur (Beckett og Taylor, 2010). Þegar horft er til félagslegs stuðnings barna, þarfa barna og tengsl þess við umönnunaraðila er hægt að líta til kenninga um félagslegan stuðning, kenningar Maslows um þarfapýramídan og tengslakenningar Bowlby's. Kenningin um uppeldi og líffræðilega þætti (nature versus nurture) getur skipt máli þegar félagslegur stuðningur, tengsl og þarfir barna eru skoðaðar, því báðir þessir þættir hafa áhrif á hvernig tengslin verða hjá barninu, hvers konar félagslegan stuðning það fær og hvernig þörfum þess verður sinnt.

3.1 Þarfapýramídi Maslows

Mannúðarsálfræðingurinn Abraham Maslow setti fram kenningu árið 1943 sem byggist á þarfapýramíða (e. Hierarchy of needs). Pýramíðanum er skipt í fimm stigveldi og er raðað upp eftir mikilvægi þarfa mannsins (Glassman, 2000). Mynd 1 sýnir hvernig Maslow setti pýramíðan upp.



Mynd 1: Þarfapýramídi Maslows

Maslow telur að þarfirnar séu hverjum manni í blóð bornar og fyrsta þörfin komi strax fram við fæðingu. Fyrsta stigið er talið snúa að grunnþörfum mannsins eins og fæðu, umönnun og húsaskjóli ásamt kynlífi (Glassman, 2000). Maslow taldi jafnframt að þarfirnar væru missterkar eftir því hvar þær væru í þarfapýramídanum, neðstu þarfirnar væru sterkastar og ef þær yrðu ekki uppfylltar þá gætu einstaklingar ekki fullnægt þeim þörfum sem kæmu ofar á pýramídanum. Ef hægt er að fullnægja grunnþörfunum þá upplifir fólk öryggi og getur því frekar farið upp pýramídan. Þegar fólk upplifir öryggi í lífi sínu vill það tilheyra og vera samþykkt af hópi og fullnægja þannig félagslegum þörfum sínum. Félagsþörfin byggist á góðum samskiptum og samböndum. Þegar félagslegum þörfum er fullnægt þá þráir einstaklingurinn að vera viðurkenndur, öðlast sjálföryggi og hafa stjórn á lífi sínu. Einstaklingurinn vill finna að hann skipti máli og nái að tengjast því umhverfi sem hann býr í. Þegar viðurkenning er til staðar þá öðlast einstaklingurinn lífsfyllingu og verður besta útgáfan af sjálfum sér með því að hámarka möguleika sína og þekkja sjálfan sig vel (Gambrel og Cianci, 2003).

3.1.1 Þarfir barns

Hægt er að horfa á þarfir barnsins út frá þarfapýramídanum en barn er á fyrstu árum ævinnar alveg ósjálfbjarga frá fæðingu og þarf að treysta á umönnun annarra til að grunnþörfum þess sé sinnt (Sæunn Kjartansdóttir, 2009).

Umönnunin breytist smátt og smátt því barnið nær hægt og bítandi að auka færni sína á öllum sviðum og verður meira sjálfbjarga. Barn þarf þó á foreldrum sínum að halda allt fram á fullorðinsár. Barnið þroskast og stækkar, þarfir þess breytast í sífellu sem og tengslin sem barnið á við foreldra sína. Það að vera foreldri og sinna barni sínu er hlutverk sem er mjög krefjandi og oft á tíðum vanmetið. Ekki eru gerðar kröfur til, heilsu, getu, hæfileika eða þroska þeirra sem eignast börn á hefðbundin hátt en margt er hægt að gera til að styrkja og efla þá sem það gera (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Þegar um er að ræða ættleiðingu eða tæknifrjóvgun eru þó gerðar kröfur um þá þætti sem nefndir voru hér á undan (Ættleiðingarlög nr. 130/1999; Lög um tæknifrjóvgun nr.55/1996).

Fyrstu tengsl barnsins sem það myndar við aðra manneskju leggur grunn að öðrum tengslum í lífi þess og hefur áhrif á sjálfsmynd þess alla ævi. Því ber að tryggja að barn geti verið í nálægð við foreldra sína eða aðra útvalda sem geta veitt því öryggi og skilið það. Það þarf að sinna barni og það tekur tíma, en barn þarf að geta treyst á fólk sem þekkir vel til þess og langanna þess, tali og hlusti á það og veiti því umhyggju til að það öðlist lífsfyllingu. Stuðningur foreldra er öflug forvörn (Sæunn Kjartansdóttir, 2009).

3.1.2 Félagslegur stuðningur

Allt frá tíma Durkheim hefur þótt sannað að vissir þættir eru verndandi gegn vanlíðan, einn lykilþátturinn er félagslegur stuðningur. Náin persónuleg sambönd, þétt tengslanet og samskipti eru mjög mikilvæg og sporna gegn vanlíðan. Félagslegur stuðningur frá foreldrum er sérstaklega mikilvægur fyrir barnið (Cho og Haslam, 2009).

Erfitt hefur reynst að skilgreina hugtakið félagslegur stuðningur (Cohen og Wills, 1985) en má segja að hann sé annars vegar stuðningskerfi fjölskyldu, ættingja og vina sem einstaklingurinn getur leitað til þegar hann á við líkamleg eða andleg vandamál að stríða (e. buffering effect) og hins vegar að einstaklingur finni fyrir stuðningi í nærumhverfi sínu og viti að hann hefur möguleika á að leita til ákveðinna aðila þegar hann þarf á hvatningu og stuðningi að halda (e. main effect). Rannsóknir hafa sýnt fram

á að þessir þættir sem nefndir hafa verið geti haft áhrif á líkamlega og andlega heilsu einstaklings á jákvæðan hátt. Félagslegum stuðningi hefur verið skipt í nokkra undirflokka og þeir helstu eru tilfinningalegur og verklegur stuðningur ásamt stuðningi í formi upplýsingagjafar (Cohen og Wills, 1985).

Tilfinningalegur stuðningur snýr að andlegri líðan og sá sem fær slíkan stuðning finnur að hann sé metin að verðleikum og það sé borin virðing fyrir honum þegar hann er í samskiptum við sína stuðningsaðila og ræðir sín vandamál. Verklegur stuðningur felst í því að einstaklingur fær aðstoð við ákveðin verk eins og aðstoð með fjármálin eða umönnun barna í þeim tilgangi að létta á því álagi sem einstaklingurinn getur upplifað í tengslum viðviðkomandi þætti. Stuðningur í formi upplýsingagjafar felst í fræðslu og ráðleggingum, sem hjálpar til við að auka skilning einstaklings á hæfileikum sínum og til að finna nýjar leiðir til að takast á við þær áskoranir sem koma upp í lífinu (Cohen og Wills, 1985; Dennis og Ross, 2006).

3.2 Tengslakenning Bowlby

John Bowlby (1907-1990) var breskur sálgreinir og hægt að lýsa honum sem föður kenningar um tengslamyndun. Hann var meðlimur í breska skólanum svokallaða sem var breskt samfélag sálgreina og meðal annarra meðlima voru Winnicott og Melanie Klein. Munurinn á Bowlby og Klein til að mynda var að hann lagði meiri áherslu á að þróa vísindalega nálgun í að skoða hegðun barns og hvaða utanðkomandi þættir höfðu áhrif á það frekar en hvað gerðist í huga barnsins (Beckett og Taylor, 2010).

Tengsl er hugtak sem þýðir vensl eða samband milli fólks. Þegar talað er um tengslakenningar hefur hugtakið sértekna merkingu og vísar í tengslin milli barns og foreldris þess (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Kenning Bowlby's snýst um þörf barns til þess að vera í tilfinningalegum tengslum við umönnunaraðila (Beckett og Taylor, 2010). Tengsl barns við foreldri, eins og tengsl afkvæmis hjá dýrum, eru drifin áfram af meðfæddri hvöt til að tengjast annarri lífveru sem getur veitt öryggi, skjól og séð um umönnun þess. Oftast tengist barn fyrst við móðurina en síðar koma aðrir inn í myndina, eins og faðirinn og aðrir sem annast það hvað mest. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á síðustu árum á tengslum móður og barns hafa sýnt fram á ákveðin tengslamynstur barna í kringum eins árs aldur. Þessi mynstur geta sýnt með tiltölulega mikilli nákvæmni hvernig þroski og samskiptahæfni barnsins verði í framtíðinni, til að mynda hvernig því

muni semja við vini sína, kennara og samnemendur í skóla (Sæunn Kjartansdóttir, 2009). Tengslakenningar Bowlby's hafa haft töluverð áhrif á hugmyndafræðilegan grunn allrar þjónustu við börn sem og á meðferðarhugmyndir til handa þeim. Það hvernig barn þroskast byggist á samspili milli barns og foreldris þess og grunnurinn er hið raunverulega hegðunarmynstur foreldra barnsins. Bowlby velti mikið fyrir sér þeim afleiðingum sem aðskilnaður við foreldri getur haft á barn. Þær leiðir sem barnið notar til að mynda tengsl mun fylgja því inn í fullorðinsárin og því mikilvægt að góð tengsl náist og barnið upplifi öryggi (Beckett og Taylor, 2010).

Gagnrýni á kenningu Bowlby's er að hann gerir einungis ráð fyrir einum aðal umönnunaraðila en í mörgum menningarheimum eru margir sem deila ábyrgðinni á umönnun barnsins, ekki einungis móðir og faðir þess, heldur einnig afar og ömmur, systur, bræður, frændur, frænkur ásamt vinum (Beckett og Taylor, 2010).

3.3 Líffræðilegir þættir á móti uppeldi (nature versus nurture)

Það eru ekki einungis sálfræðingar og heimspekingar sem koma með kenningar um hvað gerir fólk að því sem það er. Hugmyndir koma til okkar úr öllum áttum í því samfélagi sem við búum í sem skýrir að einhverju leyti hvað það er í raun sem gerir fólk að því sem það er. Sú spurning hefur komið fram hvort sé mikilvægara að horfa til líffræðilegra þátta eða uppeldis þegar horft er til hvernig einstaklingur verður að því sem hann er. Kenningin um líffræðilega þætti á móti uppeldi (nature versus nurture) útskýrir hversu margslungin þessi spurning er og snýr að bæði heimspekilegum, vísindalegum og ekki síður pólitískum hliðum (Beckett og Taylor, 2010).

Þegar Darwin kom fram með þróunarkenninguna á 19.öldinni skoðaði hann erfðir og hegðun manns og dýra. Darwin notaði orðið "meðfæddur" sem samheiti yfir "arfgengi" og "eðlishvöt" sem samheiti yfir "arfgenga hegðun". Með þessu meinti hann að sumt í grunneðli mannsins og þroska ákvarðaðist af ákveðnum einkennum, þar með talið hegðunareinkennum, sem flytjast frá foreldri til barns þess við getnað. Þessi einkenni eru líffræðilega arfgeng eða eðlislæg. Öll önnur einkenni einstaklings eru lærð. Einnig kom hann með þá kenningu að arfgeng einkenni þróist eftir mismunandi ferli vaxtar og æxlunar (Harman, 2007).

3.3.1 Líffræðilegir þættir (Nature)

Þegar horft er á líffræðilega þætti þá er talið að þeir sýni fram á persónueinkenni okkar og erfðaefnin ákveði okkar persónuleika og hegðun. Til eru dæmi í dýraríkinu sem sína fram á að sum hegðun gangi í erfðir frekar en að um sé að ræða lærða hegðun. Til að mynda kunna Gaukar (Cuckoos) sem eru ekki aldir upp hjá foreldrum sínum að verpa eggjum í hreiður annarra fuglategunda rétt eins og foreldrar þeirra. Því virðist ljóst að eitthvað af hegðun sé arfgeng rétt eins og líkamleg einkenni og þróast áfram mann fram af manni (Beckett og Taylor, 2010).

Tvíburarannsóknir hafa verið gerðar til að skoða áhrif erfðafræðilegra þátta á persónuleika og önnur persónueinkenni einstaklings. Þó svo tvíeggja tvíburar komi undir á sama tíma eru þeir ekki með nema að meðaltali 50% af sama erfðaefni. Þeir líta ekki endilega eins út og geta verið af báðum kynjum. Eineggja tvíburar á hinn bóginn eru tveir einstaklingar sem koma úr sama eggi móður en verða að tveimur einstaklingum. Þessir tvíburar verða ekki endilega nákvæmlega eins fyrir sakir ýmissa umhverfispátta og geta haft mismunandi líkamleg einkenni. Þeir líta þó mjög svipað út sökum þess að erfðafræðilega eru þeir eins, því þeir hafa sömu samsetningu erfðaefnis. Það kemur fyrir að tvíburar eru aðskildir í fæðingu sem gefur vísindamönnum tilefni til að rannsaka hvort erfðir skipta meira máli í þroska barnsins frekar en umhverfi og uppalendur (Beckett og Taylor, 2010).

Tvíburarannsóknir hafa sýnt fram á að oft á tíðum eru merkileg líkindi á hegðun tvíbura sem aðskildir hafa verið í æsku, áhugamálum þeirra og við hvað þeir starfa. Rannsóknirnar ber að taka með varúð því ekki er hægt að taka þær sem algildar. Það má þó segja að erfðir hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar horft er til þess hver við erum eins og hvað varðar til að mynda greind, persónuleika og jafnvel kynhneigð (Beckett og Taylor, 2010).

3.3.2 Uppeldi (Nurture)

Orðið uppeldi (nurture) vísar sérstaklega til þeirrar umönnunar sem barn fær frá foreldrum sínum. Umönnun í þessari merkingu skiptir máli í því umhverfi sem einstaklingurinn er alinn upp í og fáir myndu halda því fram að slík umönnun myndi ekki hafa áhrif á það hvernig einstaklingur myndi þroskast og dafna (Beckett og Taylor, 2010).

Hins vegar, þegar talað er um uppeldi í kenningarlegu samhengi, þá er horft meira til ýmissa umhverfisáhrifa sem geta verið atburðir sem gerast fyrir, á meðan og eftir fæðingu, þetta eru til að mynda allt frá menningarlegum þáttum, næringu, menntun og pólitísku umhverfi. Því er uppeldi í þessu samhengi, vísun í alla þætti aðra en líffræðilega þætti sem gætu skipt máli þegar kemur að því að finna út hver við erum og hvað við gætum orðið. Varhugavert er að horfa einungis til þess að umhverfið skapi einstaklinginn þar sem hægt er að nota það til að bæla hann niður (Beckett og Taylor, 2010).

Þessi umræða milli líffræðilegra þátta og uppeldis hefur ekki leitt í ljós hvort skiptir meira máli þegar hugað er að því hvernig einstaklingurinn þroskast heldur hafa báðir þættirnir áhrif á einstaklinginn, horfa þarf á heildarmyndina og hvernig þessir þættir tengjast (Beckett og Taylor, 2010).

Þegar horft er til merkingar hugtakanna faðir og móðir og því hvort vegi þyngra fyrir barnið, hin félagslegu tengsl eða þau erfðafræðilegu er raunin sú að ekki hefur tekist að útkljá það enn (Ástríður Stefánsdóttir, 2010). Það má segja að það að vera mennskur er ekki að vera hver sem er heldur að vera ákveðin einstaklingur sem fellur inn í ákveðna menningu (Harman, 2007).

4 Réttindi barna

Hugtakið réttur getur þýtt bæði „lög“ og „réttindi“. Skilgreining á orðinu réttindi er sú að það sé leyfi eða réttmæt krafa til einhvers. Mögulegt er að greina ýmsan mun á rétti fólks, til að mynda hefur fólk eða stofnanir réttindi vegna stöðu sinnar og er þá talað um vald. Stundum er talað um réttmæta kröfu í þeim skilningi til að mynda að skráðir þegnar landsins hafa rétt á ókeypis menntun og niðurgreiddri heilsugæslu. Á annan máta er talað um að fólk hafi ákveðinn rétt sem manneskjur og skýrasta dæmið er rétturinn til lífs. Deilt er um uppruna slíks réttar og hvar ræturnar liggja, hvort það sé með samningum eða hvort allir hafi þennan rétt óháð öllu samkomulagi (Páll Skúlason, 1990).

Börn voru ekki til í lagalegum skilningi fyrr en á 20.öldinni og höfðu því ekki sjálfstæðan rétt eins og þau hafa möguleika til í dag. Krafan um réttindi barna eru að koma sífellt meira fram í dagsljósið. Tilkoma Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálans, útbreiddasta mannréttindasáttmála sögunnar sem fjallar um réttindi barna, er öflug yfirlýsing þess efnis að börn hafi sín eigin sjálfstæðu réttindi, óháð réttindum fullorðinna (Sommerville, 2007).

Samkvæmt lögum um mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur var hér á landi 1994 er rætt um grundvallarmannréttindi sem á bæði við um börn sem og fullorðna þó svo að börn komi ekki sérstaklega við sögu í lögnum. Samningurinn hefur haft þýðingu við framkvæmd þeirra laga sem heyra undir barnarétt bæði hér á Íslandi og í aðildaríkjum sem fara eftir þessum lögum (Davíð Þór Björgvinsson, 1995).

Barnaréttur horfir til réttarstöðu barna og þau tengsl sem eru á milli barnanna og foreldra þeirra. Í stjórnarskránni kemur fram að sú umönnun og vernd sem börn þurfa á að halda til farsældar í lífinu skuli verða tryggt í lögum. Umboðsmaður barna hefur það hlutverk hér á Íslandi að efla hag barna og gæta hagsmuna þeirra, réttinda og þarfa. Einnig hefur Ísland lögfest Barnasáttmálann sem er nú hluti af íslenskri löggjöf. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns hefur að geyma afdráttarlausu viðurkenningu á því að börn hafa sín sjálfstæðu réttindi. Samningurinn er grunnurinn að barnaréttinum og tryggir börnum menningarleg, félagsleg, pólitísk, lagaleg og efnahagsleg réttindi. Það sem skiptir hvað mestu máli í samningnum er að ávallt skal

hafa hagsmuni barns að leiðarljósi og því sem er barninu fyrir bestu þegar málefni þeirra eru tekin fyrir. Aðrar mikilvægar áherslur eru að barn á meðfæddan rétt til lífs og þroska, að bannað sé að mismuna barni sökum stöðu þess eða foreldris og að barn hafi rétt til að tjá sig um öll þau mál sem koma að því sjálfu (Hrefna Friðriksdóttir, 2013).

Horfa þarf til þess að samband foreldra og barna telst ekki til sambands eignarréttar, heldur eru börn sjálfstæðar manneskjur sem horfa verður til útfrá þeirra hagsmunum, sem tengjast ekki hagsmunum foreldra þeirra (Guðmundur Heiðar Frímannsson, 2010). Réttur barna til að eiga tvo foreldra getur veitt þeim meira öryggi í uppeldinu og tengja þau við fleiri fjölskyldumeðlimi eins og afa og ömmu sem geta veitt þeim mikilvægan stuðning ef til að mynda þau verða fyrir áföllum í lífinu (Salvör Nordal, 2010).

4.1 Íslensk löggjöf

Samkvæmt fyrsta kafla barnalaganna nr.76/2003 eru aðaláherslur barnasáttmálans lagðar fram um grundvallarréttindi barna en þar segir að barn hafi rétt til að lifa, þroskast og njóta umönnunar og verndar samsvara þroska og aldri þess án nokkurs konar mismununar. Þar kemur einnig fram að ávallt skal horfa til þess sem barninu er fyrir bestu þegar ákvarðanir eru teknar um málefni þess og það hafi rétt til að láta skoðanir sínar í ljós (barnalög nr.76/2003).

Að öðru leyti er meginefni barnalaganna tengsl foreldra og barna en þar má helst nefna faðerni, móðerni, framfærslu, forsjá, umgengni og búsetu. Foreldrar, samkvæmt grundvallarreglum friðhelgi einkalífs, bera ábyrgð á uppeldi barna sinna og því að sjá fyrir þeim. Börn hafa samkvæmt barnalögunum sín sjálfstæðu réttindi sem einstaklingar og eiga rétt á vernd og ávallt þarf að horfa til þess, þegar upp koma ágreiningsmál hvað sé barninu fyrir bestu (Hrefna Friðriksdóttir, 2013).

Á undanförunum árum hefur komið fram ríkari áhersla á að börn þekki báða foreldra sína og njóti umönnunar þeirra beggja og samvista. Þetta á sérstaklega við þegar foreldrar barnsins búa ekki saman (Hrefna Friðriksdóttir, 2013).

Þegar horft er til 7.gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins skal barn vera skráð frá fæðingu þess, eiga rétt til nafns, ríkisfangs og eins og unnt er að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna nr.

18/1992). Með orðalaginu í 7.greininni, að barn eigi rétt á þekkja foreldra sína eftir því sem unnt er, er verið að meina að sá möguleiki er ekki alltaf fyrir hendi að bera kennsl á foreldra eða foreldri þegar til að mynda barn hefur verið yfirgefið, sem gerist víða um heim, þó sjaldan það hafi gerst hér á landi. Möguleiki getur verið á því að móðirin viti hreinlega ekki hver faðirinn er og ekki hægt að komast að því, en stundum getur komið upp sú staða að mæður hreinlega neiti að gefa upp hver faðirinn er. Mögulegt væri að refska móður sem neitaði að gefa upp faðernið en þá myndi það ganga á annan rétt barnsins og gegn 3.gr. samningsins að horfa til þess sem barninu er fyrir bestu. Grunnhugsunin með þessari grein er að börnum sé best borgið hjá báðum foreldrum sínum ef unnt er að koma því við (Þórhildur Línadal og Flóki Guðmundsson, 2007).

Þetta er orðað með afdráttarlausari hætti í 1.gr. a í barnalögum sem segir að barn hafi rétt á að þekkja foreldra sína og móður ber skylda til að feðra barnið sitt, ef hún er ekki í hjónabandi eða í skráðri sambúð (Barnalög nr.76/2003). Ef móðirin hefur ekki feðrað barn sitt innan sex mánaða eftir fæðingu þess skorar sýslumaður á hana að gera ráðstafanir til að feðra barnið (Innanríkisráðuneytið, 2014).

Í frumvarpi til breytinga á barnalögum árið 2002 kom það fram að móðir ætti að vera skyldug til að feðra barn sitt, en fyrir þann tíma var ekki að finna ákvæði í barnalögum sem var svo afdráttarlaust í að skylda móður á þennan hátt (Innanríkisráðuneytið, 2002).

Ef þær reglur sem settar hafa verið um faðerni eiga ekki við er hægt að nota tvær leiðir til að barn sé feðrað en það er með faðernisviðurkenningu eða faðernismáli (Hrefna Friðriksdóttir, 2013).

5 Óhefðbundnar leiðir til að eignast foreldra

5.1 Siðfræði

Siðfræði er samkvæmt alfræðiorðabók mælistika á það hvað er rétt og rangt. Hún er notuð til þess að skýra mannlega breytni og stuðla að réttri breytni. Siðfræði er beitt í hagnýtum tilgangi og er fræðigrein sem reynir ekki eingöngu að skilja mannlega hegðun heldur er hún einnig gagnrýnin á þær siðareglur sem til eru (Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir, 2000 ; Vilhjálmur Árnason, 2003).

Siðfræði er viðleitni til að varpa ljósi á siðferði fólks og snýr að hugsunum, ákvörðunum og atferli manna með það að markmiði að mögulegt sé að rækta siðferðið betur. Gríski heimsspekingurinn Aristóteles taldi að það sem oft á tíðum er erfiðast manningnum sem siðferðisveru væri að beita skynsemi sinni þannig að það leiddi til góðra verka. Bæði tækni og siðferði snúast um hagsmuni en á ólíkan hátt. Tæknin er notuð til að finna bestu og hagkvæmustu leiðina til að fullnægja ákveðinni þörf en þegar horft er til siðferðis er talað um að ákvarða hvaða þörfum sé réttmætt að fullnægja miðað við þau skilyrði sem menn búa við. Siðferðisþekking kemur þarna inn, því hún felur í sér að hafa þekkingu á sjálfum sér, gera sér grein fyrir hvað almennt leiðir til góðs, hverjar takmarkanir maðurinn hefur og hverjir eru möguleikar hans. Nauðsynlegt er að fólk átti sig á eigin siðferði en einnig annarra og gera sér vel grein fyrir hvað skiptir máli í siðferðislegum efnum. Fólk verður að geta vegið og metið hlutina og þjálfað sig í að hafa haldbær rök fyrir þeim ákvörðunum sem það tekur í lífinu (Páll Skúlason, 1990).

Þróun í líftækni hefur haft mikil áhrif á hvernig barneignum er háttað. Möguleikarnir eru mun fleiri fyrir fólk sem vill hafa stjórn á frjóseminni og þeim sem eiga við vanda að stríða og þrátt fyrir ófrjósemisvandamál er mögulegt vegna tækninnar að eignast barn með aðstoð hennar. Tæknifrjóvgun hefur þrátt fyrir ágæti sitt orðið til þess að margar siðferðilegar spurningar vakna eins og til að mynda þeir áhættuþættir sem lúta að fæðingu fjölbura og stjórnun á því hvort barn skuli fæðast eður ei sökum erfða- eða fæðingargalla. Einnig vaknar sú spurning hvernig fólk upplifir að barn komi inn í fjölskyldu og sé ekki tengt foreldrunum á líffræðilegan hátt, hvort sú upplifun sé önnur en þegar barn fæðist á náttúrulegan hátt (Shreffler, Johnson og Sceuble, 2010).

Niðurstöður rannsóknar Shreffler, Johnson og Sceuble (2010) á því hvað fólki fannst um tæknifrjóvganir kom í ljós að mestu siðferðilegu vandamálin tengdust

staðgöngumæðrun en minnst þegar um tæknisæðingu var að ræða því þá er líffræðilegur faðir barnsins þekktur. Fólk taldi siðferðisvandann meiri ef tæknifrjóvgunin þýddi að ekki var um ræða líffræðilega skyldleika barnsins við verðandi foreldra og einnig ef mæðurnar gengu ekki sjálfar með börnin sín. Niðurstöðurnar í þessari rannsókn sýndu fram á að það skipti minna máli hversu erfitt var að framkvæma getnað með hjálp tækninnar, það sem virtist skipta meira máli var að líffræðileg tenging væri við föður og móður og foreldrarnir tengdust barninu á þann hátt (Shreffler o.fl., 2010).

Staðgöngumæðrun er ekki flókin í framkvæmd en vekur upp mestu siðferðilegu spurningarnar ásamt því að sæðis- eða egggjafi verði ekki skráður faðir eða móðir barnsins. Svipaðar niðurstöður hafa komið fram þegar staðgöngumæðrun og ættleiðing hafa verið rannsökuð en þar skiptir máli að það sé líffræðileg tenging milli foreldra og barns (Shreffler o.fl., 2010).

5.2 Tæknifrjóvgun

Tæknifrjóvgun er frekar nýleg vísindi og á undanförunum árum hefur tæknin verið notuð í auknum mæli (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006). Með hjálp tækninnar er mögulegt að fá aðstoð við getnað og meðgöngu á ýmsan hátt og talað er um að minnsta kosti fjörutíu mismunandi leiðir til að búa til barn á þessa vegu (Ástríður Stefánsdóttir, 2010).

Aukið frjálsræði hefur skapast með tilkomu breytinga á lögum um tæknifrjóvganir á síðustu árum. Lögin tóku gildi hér á landi árið 1996 og gátu einungis gagnkynhneigð pör sem voru í sambúð fengið heimild til að gangast undir tæknifrjóvgun. Árið 2006 gátu samkynhneigðar konur sem voru í sambúð fengið samþykki fyrir tæknifrjóvgun og stuttu síðar var einhleypum konum heimilað að fara í tæknifrjóvgun. Árið 2010 var gengið skrefinu lengra fyrir einhleypar konur en þá gátu þær bæði notað gjafasæði og gjafaegg en áður voru takmarkanir á notkun gjafakynfruma. Í kjölfar þessara breytinga á löggjöfinni hefur staðgöngumæðrun verið til umræðu en hún hefur ekki verið leyfð hér á Íslandi enn sem komið er (Salvör Nordal, 2010). Þingsályktunartillaga var samþykkt á Alþingi árið 2012 þess efnis að nefnd yrði skipuð til að leggja fram frumvarp til laga þar sem staðgöngumæðrun yrði leyfð í velgjörðarskyni og Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra sagði í ræðu í janúar 2014 að nefndin væri enn að störfum enda um mjög flókið mál að ræða og meðal annars þyrfti að tryggja með góðum hætti réttindi barnsins og hagsmuni þess (Þingskjal 4, 2011-2012; Kristján Þór Júlíusson, 2013-2014).

Samkvæmt lögum um tæknifrjóvgun hér á Íslandi má framkvæma tæknissæðingu, smásjárfrjóvgun, glasafrjóvgun, kjarnaflutning, frystingu fósturvísa og kynfrumu (eggfruma og sæðisfruma) ásamt gjöf til annars aðilans. Staðgöngumæðrun og gjöf á fósturvísu er óheimil hér á landi enn sem komið er ásamt rannsóknum á fósturvísu sem eru ekki ætlaðar í leit að arfgengum sjúkdómum eða að bæta tæknifrjóvgunarmeðferð (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006; Lög um tæknifrjóvgun nr. 55/1996).

Það geta ekki allir nýtt sér tæknifrjóvgunir eins og til að mynda þær konur sem fæðast án legs eða hafa fæðingargalla á leginu. Sumar konur hafa jafnvel misst legið, legið skemmst eða meðgangan stofnað lífi konu í hættu vegna líkamlegra sjúkdóma. Karlmennt geta ekki nýtt sér tæknifrjóvgun hvorki einhleypir né pör. (Þingsályktunartillaga um staðgöngumæðrun, 2011). Þær konur sem geta ekki gengið með börn hafa möguleika á einum lagalegum kosti ef þær vilja eignast barn en það er að ættleiða, en það getur reynst þrautinni þyngri þar sem reglurnar eru strangar þegar kemur að ættleiðingum. Jafnvel ef kona óskar eftir að ættleiða og hefur ekki getað átt barn vegna sjúkdóma, getur hún fengið neitun á því að ættleiða vegna einmitt þessara sjúkdóma (Reglugerð um ættleiðingar, 2005).

Árið 2002 var lagt til að lögfest yrði að kona sem elur barn eftir tæknifrjóvgun myndi teljast móðir þess. Tilgangurinn með því ákvæði var að koma í veg fyrir mögulegar deilur um hver væri móðir barns þegar gjafaeggfrumur væru notaðar við tæknifrjóvgun. Þetta ákvæði er nú í 6. gr. barnalaganna. Einnig kom fram að lögfesta ætti ákvæði um réttarstöðu þess sem gefur sæði og kemur það einnig fram í 6. gr. barnalaganna, að ef sæði gjafa er notað við að frjóvga egg annarrar konu sem ekki er eiginkona gjafans eða sem hann er í sambúð með, verður hann ekki dæmdur sem faðir barnsins (Innanríkisráðuneytið, 2002; Barnalög nr. 76/2003). Kona telst vera foreldri barns sem getið er með tæknifrjóvgun sem fengið hefur samþykki eiginkonu sinnar eða þær eru skráðar í sambúð. Maður telst faðir barns sem hefur samþykkt að framkvæmd verði tæknifrjóvgun á eiginkonu sinni eða sambúðaraðila í skráðri sambúð samkvæmt þjóðskrá (Barnalög nr. 76/2003). Því er nokkuð skýrt hver er foreldri barns þegar barn er getið með tæknifrjóvgun (Þórhildur Línal og Flóki Guðmundsson, 2007).

Í 4. gr. laga um tæknifrjógvun kemur fram að ef gjafi óskar eftir nafnleynd verði heilbrigðisstarfsmenn að ábyrgjast að það sé virt. Það þýðir að gjafinn má ekki fá upplýsingar um barnið né parið sem fær gjafakynfrumur og barnið og parið má ekki fá upplýsingar um hver gjafinn er. Ef gjafinn óskar ekki nafnleyndar ber að geyma upplýsingar um hann í þar tilgerðri skrá og ef barn verður til vegna kynfrumugjafarinnar ber að geyma þær upplýsingar á sama stað ásamt upplýsingum um parið og barnið. Þegar barnið verður 18 ára getur það nálgast upplýsingar um nafn gjafans ef hann hefur ekki óskað nafnleyndar og þarf að tilkynna gjafanum um að barnið hefur óskað eftir þeim upplýsingum (Lög um tæknifrjógvun nr. 55/1996). Barnið hefur engan rétt á að vita sinn erfðafræðilega uppruna ef gjafinn óskar nafnleyndar og hefur íslenska löggjöfin sérstöðu að þessu leyti. Þetta er með svipuðum hætti í Danmörku og Finnlandi en í Svíþjóð og Noregi er einungis möguleiki á að vera nafngreindur gjafi þar sem barnið getur nálgast upplýsingarnar um hann. Gjafinn getur verið þekktur og er þá kynfrumugjöfin að hálfu vina eða ættingja (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

5.3 Ættleiðing

Bandarísk rannsókn sýndi að þegar fólk tjáir sig um ættleiðingar finnst miklum meirihluta að það sé sjálfsagt að fjölskylda án barna geti ættleitt. Það er þó mun fátíðara að ættleiða en ætla mætti og oft er sú ákvörðun tekin þegar allt annað hefur verið reynt eins og tæknifrjógvanir og þetta því eina leiðin sem eftir er til að eignast barn (Shreffler o.fl., 2010).

Hugtakið ættleiðing hefur verið í stöðugri þróun og inntak þess hefur formast á hverjum tíma eftir því hvernig lög, siðferði og menning þjóða hafa verið á hverjum tíma. Samkvæmt lögum gilda sérstakar reglur um ættleiðingar barna og er ættleiðing í dag úrræði til verndar barninu. Ættleiðing getur veitt barni sem ekki á fjölskyldu eða umönnunaraðila, möguleika á því að alast upp hjá fjölskyldu sem getur veitt því aðhlynningu og uppeldi við kjöraðstæður og sinnir þörfum barnsins. Ættleiðing fyrir barn felur ekki einvörðungu í sér að fá umönnun í fjölskyldu, heldur einnig að stofnað er til ættartengsla um leið og barn verður hluti af fjölskyldunni. Lagalegu tengslin við upprunafjölskylduna rofna en ný álíka tengsl myndast milli barns og kjörforeldra. Þarfir barnsins skipta meginmáli þegar kemur að ættleiðingu og skipta meira máli en þarfir þeirra sem sækja um að ættleiða barn. Öll framkvæmd í ættleiðingarmálum byggir á því

markmiði að þegar barn þarf á fjölskyldu að halda er leitað að fjölskyldu fyrir það en ekki á þann veg að leitað er að barni fyrir fjölskyldu (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Frumættleiðing er þegar barnið sem ættleitt er, er ekki kjörbarn eða barn maka umsækjanda, eða maka í skráðri sambúð eða óskráðri sambúð. Þegar um stjúpættleiðingu er að ræða er það kjörbarn eða barn umsækjanda eða maka í skráðri sambúð eða óskráðri sambúð. Einnig er hægt að tala um alþjóðlega fjölskylduættleiðingu en þá er verið að vísa í að barn sé ættleitt af erlendum eða fyrrum erlendum ríkisborgara sem á fasta búsetu á Íslandi. Barnið er þá náskylt þeim sem sækir um að ættleiða og býr í upprunalandi umsækjanda. Þetta á við hvort heldur sem umsækjandi ættleiðir einn eða með maka (Reglugerð um ættleiðingar 238/2005).

Samkvæmt 34. gr. ættleiðingarlaga nr.130/1999 geta íslenskir ríkisborgarar ættleitt börn í gegnum löggilt ættleiðingarfélag sem innanríkisráðherra sér um að löggilda (Ættleiðingarlög nr.130/1999). Mögulegt er að ættleiða börn frá öðrum löndum en þeim sem löggilt ættleiðingarfélag hefur samninga við. Þeir sem vilja ættleiða mynda sjálfir samband við yfirvöld í viðkomandi landi sem sér um ættleiðingar án þess að milliganga sé af hálfu ættleiðingarfélags. Þetta er þó einungis gert í undantekningartilvikum og oftast ef um er að ræða fjölskylduættleiðingu eða vegna einhverra annarra tiltekinna ástæðna (Reglugerð um ættleiðingar nr.238/2005).

Samkvæmt ættleiðingarlögum nr. 130/1999 ber kjörforeldrum skylda til að upplýsa börn sín um ættleiðingu í síðasta lagi við sex ára aldur. Það er hinsvegar ekkert í lögunum um rétt barnsins til að leita uppruna síns. Í mörgum tilfellum þegar um alþjóðlegar ættleiðingar er að ræða er ekkert til í stöðunni til að fara eftir nema barnaheimilið sem barnið var á fyrir ættleiðingu, þar sem barnið fannst úti á götu eða var skilið einhvers staðar eftir. Lögin segja að barn eigi rétt á upplýsingum um hverjir eru kynforeldrar þess þegar það verður 18 ára, en það er þá háð því að upplýsingarnar séu fyrir hendi (Ættleiðingarlög nr. 130/1999).

Í ættleiðingarlögum kemur fram að kjörforeldrar skuli láta kjörbarn sitt vita að það sé ættleitt þegar það hefur þroska til að fá upplýsingar um það. Kjörbarn á rétt á að fá upplýsingar um kynforeldra sína þegar það er 18 ára og er þar með talin fullorðinn einstaklingur (Ættleiðingarlög nr. 130/1999).

5.4 Fóstur

Barn getur eignast aðra foreldra en kynforeldra sína með því að vera tekið í fóstur ef það er undir átján ára aldri. Það kemur fram í barnaverndarlögunum að barnaverndarnefnd feli í hendur fósturforeldrum að sjá um barn við ákveðnar aðstæður í að minnsta kosti þrjá mánuði. Það þykir henta best að setja barn í fóstur ef vista eigi það á öðru heimili en sínu eigin (Hrefna Friðriksdóttir, 2011).

Barn getur eignast fósturforeldra á tvennan hátt og farið til þeirra í tímabundið eða varanlegt fóstur. Þegar um tímabundið fóstur er að ræða þá er barni eða börnum komið fyrir hjá fósturforeldrum í skamman tíma. Tímabundið fóstur er til þess ætlað að skapa aðstæður sem veita barni og foreldrum þess aðstoð, þannig að barnið eða börnin muni geti snúið aftur til síns heima. Þegar um varanlegt fóstur er að ræða er barni komið fyrir hjá fósturforeldrum þangað til að forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum. Með varanlegu fóstri er verið að láta fósturbarnið aðlagast fósturfjölskyldunni og finni að það tilheyrir þeirri fjölskyldu og fósturforeldrarnir sinni því eins og eigin barni (Reglugerð um fóstur nr. 804/2004). Þegar barn er í fóstri þá hefur það rétt á að umgangast kynforeldra sína og aðra nákomna ef það er hagur í því fyrir barnið. Barn hefur einnig rétt á því að vita af hverju það var tekið í fóstur og hver fyrirætlun barnaverndar er um framtíð þess og fær vitneskju um málið ef það hefur þroska og aldur til þess (Barnaverndarlög nr.80/2002).

Rannsóknir hafa sýnt fram á að þegar hugsað er um hag barnsins hefur ættleiðing fremur en fóstur leitt til betri líðan barns þegar til langtíma er litið. Þó svo fóstur sé ákjósanlegur kostur fyrir börn sem njóta ekki öryggis og velferðar hjá kynforeldrum, geta komið upp langtíma þroskavandamál hjá barninu. Ef börn fara í varanlegt fóstur er minni hættu á að vandamál komi upp við aðlögun þeirra á nýju heimili en ættleiðing stuðlar að betri aðlögun barns á nýju heimili frekar en varanlegt fóstur. Því er talið að hagsmunum barns sé betur borgið þegar það fer snemma úr fóstri til kjörforeldra en muna þarf að hvert barn hefur misjafnar þarfir og horfa þarf til þess þegar hugað er að hvað sé best að gera fyrir það í þessum aðstæðum (Kernan og Lansford, 2004).

6 Börnin og leit þeirra að uppruna sínum

Þegar ný tækni í lífvísindum ruddi sér til rúms var einblínt á læknisfræðilega og siðferðilega þætti, en nú er farið að horfa meira til hagsmuna barnsins og sálrænna áhrifa þess að fá þá vitneskju að vera getið með tæknifrjóvgun (Moyal og Shelley, 2010).

Á undanförnum árum hefur áhugi þeirra barna sem vita að þau hafa verið getin með tæknifrjóvgun vaxið í þá átt að þau vilja þekkja líffræðilegan uppruna sinn. Fyrsta kynslóðin sem getin hefur verið með tæknifrjóvgun er orðin að fullorðnum einstaklingum og þau eru farin að deila upplifun sinni og hvernig þeim líður með þessa vitneskju. Margir tala um sálræn áhrif sem lýsa sér í sterkum vilja til að vita hvaðan þeir koma og telja að það að þekkja líffræðilegan uppruna muni geta skipt máli hvað varðar sjálfsmyndina (Ravitsky, 2010).

Nokkur lönd hafa og eru að setja reglugerðir sem banna nafnleynd gjafa (Ravitsky, 2010). Svíþjóð var fyrsta landið til að létta af nafnleynd á gjöfum og upplýsingum um kynforeldra ættleiddra en það var árið 1985 (Moyal og Shelley, 2010).

Samkvæmt sænskri rannsókn sem birt var árið 2000 þar sem foreldrar barna sem getin voru með sæðisgjöf svöruðu hvort þau hefðu sagt barni sínu frá uppruna sínum, höfðu einungis 11% foreldra sagt börnum sínum frá uppruna sínum þrátt fyrir að þeim bæri skylda til þess samkvæmt lögum. Helsta ástæðan sem foreldrar nefndu var að það væri ekki nauðsynlegt og að það gæti mögulega valdið barninu sársauka (Gottlieb, Lalos, og Lindblad, 2000).

Austurríki, Sviss, Þýskaland, Holland, Nýja Sjáland og Ástralía eru einnig dæmi um lönd sem hafa aflétt nafnleynd á gjöfum og því geta börn leitað uppruna síns í þessum löndum (Moyal og Shelley, 2010).

Bretland hefur einnig verið leiðandi í að veita börnum upplýsingar um líffræðilegan uppruna sinn sem hafa orðið til með tilkomu tæknifrjóvgunar og staðgöngumæðrunar. Upplýsingaveitan er þó takmörkuð við það tímabil sem getnaður átti sér stað og þörf er á að skoða lagaumhverfið til að betrubæta kerfið til handa þeim sem vilja fá þessar upplýsingar. Lengi framan af var venjan að gjafar væru nafnlausir og því haldið leyndu fyrir barninu hvaðan það kæmi. Breytingar urðu í Bretlandi í kringum 1990 þegar möguleiki var fyrir barn að fá einhverjar upplýsingar um uppruna sinn en ekki fyrr en í fyrsta lagi þegar það hafði náð 18 ára aldri. Krafan varð háværi frá börnum sem vildu

þekkja uppruna sinn og í kringum 2002 var vísað til 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem hver einstaklingur hefur rétt til einkalífs og opinber stjórnvöld eigi ekki að geta gengið á þann rétt sem talið var að gert væri með því að takmarka þær upplýsingar sem börn gjafa gætu fengið. Frá árinu 2005 þurfa allir gjafar í Bretlandi að veita upplýsingar um sig sem barn getur haft aðgang að þegar það nær 18 ára aldri. Þær stofnanir sem sjá um tæknifrjógungun eru hvattar til að undirbúa foreldra í því að segja barni frá því hvernig það varð til og gera það snemma á æviskeiði barnsins til að auka velferð þess. Þessi löggjöf í Bretlandi nær ekki til þeirra barna sem voru getin með tæknifrjógungun fyrir 1991 og hafa þau því ekki rétt á að sækja upplýsingar um gjafann. Frá því árið 2009 hefur þar haft möguleika á að fá upplýsingar um hvort þau séu skyld óháð því hvort þau séu að fara gifta sig eða eru í sambúð, ef þau vita að þau hafa orðið til við tæknifrjógungun (Blyth, 2012).

Íslensk lög um tæknifrjógungunir heimila að gjafi geti verið nafnlaus og þar með hefur barn ekki alltaf möguleika á því að afla sér upplýsinga um sinn líffræðilega föður eða jafnvel móður þegar það hefur aldur til (Lög um tæknifrjógungun nr. 55/1996).

Oft er þetta einnig hlutskipti ættleiddra barna og fjölda annarra að vita ekki uppruna sinn og þá allra síst hver faðirinn er. Breytingar á lögum um tæknifrjógungunir og barnalögum gera einhleypum konum kleift að eignast barn með því að nýta sér nafnlausan gjafa og því er barninu ekki mögulegt að fá upplýsingar um sín erfðaeefni. Með þessum breytingum hefur verið gengið á rétt barnsins til að eiga tvo foreldra. Þó barn viti ekki uppruna sinn getur það samt sem áður búið við ást og umhyggju hjá þeim foreldrum sem það elst upp hjá (Salvör Nordal, 2010) en börn hafa rétt á að vita hvaðan þau koma samkvæmt lögum og fyrir sjálfsmyndina gæti það skipt máli að hafa vitneskju um það. Það að barn sé getið á tæknilegan máta mætti hugsa sem forréttindi fyrir fólk en ekki sem réttur þess og ekki ætti að vera mögulegt að krefjast þess að eignast barn (Sommerville, 2007; Barnalög nr.76/2003). Einstaklingur hefur ekki skilyrðislausan rétt til að nota tæknina til að eignast barn því gæta þarf hagsmuna barnsins, því uppeldi og öryggi barnsins þarf að vera í fyrirrúmi (Hrefna Friðriksdóttir, 2013).

Börn vilja gjarnan vita hvaðan þau koma hvort sem þau eru tilkomin með tæknifrjógungun eða eru ættleidd og má telja það siðferðislegan rétt að veita þeim upplýsingar um uppruna sinn ef þau óska eftir að fá vitneskju um það. Með því að virða

réttindi barnanna er verið að hafa hagsmuni barnanna að leiðarljósi (Sommerville, 2007).

Það kemur fram að börn sem þekkja ekki uppruna sinn hvort heldur sem þau eru ættleidd eða getin með tæknifrjóvgun, geta gengið í gegnum mikla sorg ef þau þekkja ekki ræturnar. Fyrir börn er það oft á tíðum mikilvægt bæði vegna heilsu og vellíðunar í lífinu að vita hverjir forfeður þess eru, systkini og aðrir ættingjar. Það að hafa vitneskju sem þessa til staðar getur hjálpað börnum að þekkja sjálfan sig og að neita börnum um þessar upplýsingar gæti haft sálrænan vanda í för með sér. Því mætti teljast siðferðilega rétt að gera börnum kleift að þekkja uppruna sinn og vita hvaðan þau koma og hver þau eru (Sommerville, 2007).

Kanadísku lögfræðingarnir Dena Moyal og Carolyn Shelley (2010) skoðuðu rétt barnsins útfrá lagalegu og læknisfræðilegu sjónarhorni þegar kemur að tæknifrjóvgun og ættleiðingu. Einnig skoðuðu þær sálræna þáttinn þegar kemur að leit barna að uppruna sínum en farið er að horfa meira til þess þáttar en áður var gert. Útfrá þeim rannsóknum sem þær rýndu í kom fram að ef barn fær vitneskju um hvernig það varð til og þekkir því uppruna sinn gæti það haft heillavænleg áhrif á alla fjölskylduna. Líkur eru á að það geti valdið hugarangri og vanlíðan að þegja yfir vitneskjunni um tilurð barnsins bæði hvað varðar barnið og foreldrana. Stöðug hræðsla um að segja óvart frá eða að hugsa til þess að barnið fái þessar upplýsingar af slysi frá öðrum geta valdið hugarangri fyrir foreldra. Algengt er að einhver sem þekkir til foreldranna viti hvernig í málinu liggur og því er talið betra að hafa allt upp á borði við fyrsta tækifæri til að forðast sálræn óþægindi og vanlíðan. Með því að segja barni frá því að það sé ættleitt eða getið með tæknifrjóvgun snemma í uppvextinum, þá getur barnið metið upplýsingarnar og unnið betur með þær, frekar en að vera komin á unglingsár og verða þá fyrir mögulegu áfalli við að fá þessar upplýsingar. Börn sem fá að vita snemma í uppvextinum um uppruna sinn eru talin öðlast betri sjálfsmynd með því að vita hvaðan þau koma og vita hvernig málum var háttað. Þau börn og fullorðnir sem getin eru með tæknifrjóvgun og fá vitneskjuna seint á ævinni segja sum hver að þau hafi orðið pirruð og reið við að fá ekki allar haldbærar upplýsingar um uppruna sinn. Það sem þau höfðu mestar áhyggjur af við að fá ekki nægar upplýsingar var að það hefði áhrif á sjálfsmynd þeirra, hefði áhrif á sjúkrasögu þeirra og skapað óöryggi að vita ekki hvort þau ættu systkini sem hefðu verið getin með

sama hætti. Börn vilja gjarnan þekkja uppruna sinn því þau byggja sjálfsmyndina á sálfræðilegum, félagslegum, pólitískum og persónulegum þáttum sem myndast við það að vita hvað er sameiginlegt og hvað er öðruvísi hjá þeim aðilum sem tengjast þeim. Þau börn sem getin eru með tæknifrjóvgun vilja í meira mæli vita hverjir gjafarnir eru en einnig hefur það aukist að þau vilji vita hvort þau eigi systkini því þau telja að með því geti þau þekkt sjálfan sig betur og skilið heildarmyndina. Börn hafa haft mikið fyrir því að fá þessa vitneskju sem sýnir hversu mikilvægt þetta getur verið (Moyal og Shelley, 2010).

Ættleidd börn hafa sagt frá því að þau séu ættfræðilega ringluð og veldur það þeim ruglingi og óöryggi að vita ekki uppruna sinn og finna fyrir neikvæðum áhrifum á andlegri líðan sökum þessa. Genin hafa áhrif þegar horft er til heilsu fólks og það að vita ekki sögu fjölskyldunnar hvað varðar til að mynda sjúkdóma getur orðið til þess að fólk er ekki rétt greint, fær ekki þá þjónustu sem það þarf eða það fær ranga meðhöndlun og þarf mögulega ekki á þjónustu að halda. Þó svo að börn leiti uppruna síns eru þau ekki að afneita sínum félagslegu foreldrum, heldur vilja þekkja sjálfan sig betur og vita að ekkert er falið fyrir þeim. Þó svo börnin fá vitneskju um uppruna sinn er ekki verið að lofa samskiptum við líffræðilegan föður eða móður, heldur er réttur barnanna til þess gerður að þau viti hvaðan þau koma ef þau telja að það skipti sig máli (Moyal og Shelley, 2010).

7 Hlutverk félagsráðgjafa

7.1 Félagsráðgjafar sem heilbrigðisstétt

Víðast hvar í heiminum eru svið félagsráðgjafa þau sömu. Það er almennt viðurkennt að á öllum sviðum sé fagþjónusta tengd við rannsóknir sem félagsráðgjafar vinna að ásamt þróunarverkefnum þeirra. Meginsviðin eru innan heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu sem hafa svo undirsvið.

Félagsráðgjöfin skiptist svo í ýmsa málaflokka eftir því með hverjum félagsráðgjafinn vinnur eins og til að mynda með börn. Notaðar eru aðferðir sem hafa verið sérþróaðar til að vinna með einstaklingnum og oft stuðst við einstaklings-, hópa- eða fjölskyldumeðferð (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Félagsráðgjafar vinna náið með öðrum starfsstéttum og er slík teymisvinna unnin með það í huga að mæta þeim sem þarfnast þjónustu fagaðila á sem bestan máta (Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Svava Stefánsdóttir, 2006).

Félagsráðgjöf byggir á virðingu fyrir manneskjunni. Félagsráðgjafar eiga að virða fólk, skoðanir þess og rétt til þess að taka sínar eigin ákvarðanir (International Federation of Social Workers, 2012). Horfa þarf á einstaklinginn í sínum aðstæðum á hverjum tíma, aðstoða hann við að skapa sína sjálfsmynd eða endurskapa, fá einstaklinginn til að átta sig á hvað er mikilvægt fyrir hann, fyrir hvað hann stendur og hvernig hann skilgreinir sjálfan sig (Sigrún Júlíusdóttir, 2006; Russell, 1999). Þegar kemur að börnum þarf félagsráðgjafinn alltaf að huga fyrst og fremst að því hvað barninu er fyrir bestu og hafa það að leiðarljósi í starfi sínu og starfa samkvæmt lögunum. Horfa þarf til aldurs barns og þroska þess þegar unnið er í málefnum þess og bera virðingu fyrir barninu og þörfum þess (barnaverndarlög nr.80/2002; barnalög nr.76/2003).

Félagsráðgjafar eru heilbrigðisstétt og fá starfsleyfi sitt frá landlækni. Heilbrigðisstéttir eru taldar upp í lögum um heilbrigðisstarfsmenn og þurfa þær að axla faglega ábyrgð og framfylgja skyldum sem eru tilgreind í sömu lögum. Þær faglegu kröfur eru gerðar að heilbrigðisstarfsmenn skuli sýna skjólstæðingum sínum virðingu og vinna starf sitt eins vel og hægt er. Heilbrigðisstarfsmenn skulu þekkja sínar skyldur og sínar siðareglur og hafa þær að leiðarljósi. Þeir eiga ávallt að viðhalda fyrri þekkingu og tileinka sér nýja þekkingu sem nýtist í starfi. Einnig er það nefnt í lögum að

heilbrigðisstarfsmenn skulu þekkja sínar faglegu takmarkanir og leita til annarra fagstétta þegar við á (Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 43/2012).

Félagsráðgjöf byggir á því að stuðla að félagslegum breytingum. Félagsráðgjafar eru lausnamiðaðir og hjálpa fólki þar með töldum börnunum til sjálfshjálpar. Siðfræðileg meðvitund er mikilvæg hjá fagstétt eins og félagsráðgjöfum. Til þess að gæði þjónustunnar sem félagsráðgjafinn veitir skjólstæðingum sínum sé sem vönduðust verður félagsráðgjafinn að hafa vilja og hæfni til þess að starfa samkvæmt þeim siðareglum félagsráðgjafa (International Federation of Social Workers, 2012).

Félagsráðgjafar skuldbinda sig til að hjálpa fólki á öllum stigum þegar kemur að ættleiðingarmálum og tæknifrjónvunarmálum ásamt öðrum málum sem unnið er með hverju sinni. Félagsráðgjafar nota þekkingu sína af vettvangi, rannsóknir og þekkingu á þróun mannsins til að geta hjálpað börnum sem best og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi og huga að réttindum þeirra. Í bandarískri rannsókn sem 300 félagsráðgjafar tóku þátt í kom fram að meirihluti þeirra taldi rétt að láta börn vita um uppruna sinn þegar þau væru ættleidd eða hefðu verið getin með tæknifrjónvun (Holbrook, 1996).

7.2 Hlutverk félagsráðgjafa í ættleiðingarmálum

Samkvæmt 17. gr. ættleiðingarlaga ber dómsmálaráðherra að skipa nefnd sem gefur umsagnir í ættleiðingarmálum. Þrír aðilar eru í nefndinni og þrír til vara og eru skipaðir til fjögurra ára í senn. Lögmaður situr ávallt í nefndinni sem formaður, en einnig er læknir og þriðji aðilinn er annað hvort sálfræðingur eða félagsráðgjafi (ættleiðingarlög nr. 130/1999).

Hjá Barnavernd starfa félagsráðgjafar og þeim ber samkvæmt ættleiðingarlögum að aðstoða kjörforeldra við að greina barni frá því að það hafi verið ættleitt óski kjörforeldrar eftir slíkri aðstoð. Í lögunum kemur einnig fram að áður en barn verður sex ára beri þeim að segja þeim frá ættleiðingunni en meta þarf þroska hvers barns og hvenær henti að segja því að það sé ættleitt (ættleiðingarlög nr. 130/1999).

Þegar beiðni berst til barnaverndarnefndar um að kanna hagi umsækjanda til ættleiðingar, er það í höndum félagsráðgjafa sem starfar hjá viðkomandi barnaverndarnefnd að heimsækja fjölskylduna sem sækir um. Eftir heimsóknina skrifar félagsráðgjafinn umsögn um hagi umsækjanda og aðbúnað með það að leiðarljósi að

huga að hagsmunum barnsins. Þegar barnaverndarnefnd hefur farið yfir umsögnina er tekin ákvörðun um hvort mæla eigi með umsækjendunum. Rökstuðningur barnaverndarnefndar verður að vera ítarlegur og er stuðst við umsögn félagsráðgjafa eða annars fagaðila sem kannaði viðkomandi mál (Reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005; Gray, 2007). Hlutverk félagsráðgjafans er mikilvægt í ættleiðingarferlinu þar sem hann þarf að huga að þörfum kjörbarnsins fyrst og fremst og finna kjörforeldra sem geta boðið því kjör aðstæður til að alast upp í. Hagsmunir barnsins þurfa alltaf að skipta mestu máli í þessu ferli og horfa til þess að foreldrarnir eigi að geta veitt barninu gott uppeldi, að þörfum þess sé sinnt og það nái að mynda tengsl við fjölskylduna. Kjörforeldarnir þurfa að vera í stakk búnir til að takast á við foreldrahlutverkið (Gray, 2007).

Þegar kjörbarn kemur til Íslands, kemur það í gegnum löggilt íslenskt ættleiðingarfélag sem er í þessu tilviki Íslensk ættleiðing, eina löggilta ættleiðingarfélagið á Íslandi. Hlutverk félagsráðgjafans þegar kjörbarn er komið í hendur kjörforeldra er að fylgja málinu eftir með heimsóknum til fjölskyldunnar og gera skýrslur um stöðu barnsins eftir komuna til landsins. Íslensk ættleiðing ber ábyrgð á að skýrslurnar séu gerðar og sendar til upprunaríkis kjörbarnsins. Þær þurfa að vera í samræmi við kröfur þess ríkis sem barnið kom frá (reglugerð um ættleiðingarfélög nr. 453/2009).

7.3 Hlutverk félagsráðgjafa í tæknifrjóvgunarmálum

Þegar sótt er um tæknifrjóvgun er heilbrigðisstofnun sem sér um framkvæmdina skylt að bjóða pari og verðandi gjöfum uppá ráðgjöf og meðferð hjá félagsráðgjafa eða öðrum sérfræðingi (Lög um tæknifrjóvgun nr. 55/1996). Læknir ber ábyrgð á að framkvæma greiningu á heilsufari og aðstæðum þess pars eða einstaklings sem sækir um tæknifrjóvgun á Íslandi og að kanna hvort parið eða einstaklingurinn uppfylli þær lagalegar kröfur sem settar eru. Ef lækni grunar að ekki sé hægt að uppfylla lagalegar kröfur hefur læknirinn möguleika á að fá umsögn félagsráðgjafa (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

Hlutverk félagsráðgjafans er mikilvægt þegar kemur að veita umsagnir bæði hvað varðar þega og gjafa því talið er að betra sé að málin séu rædd á opinskáan hátt á milli fagaðila og parsins. Einnig er mikilvægt fyrir þega að vita hvað felst í því að sæði eða egg

sé gefið undir nafni eða nafnlaust, hvort sem það er óþekktur gjafi eða innan fjölskyldunnar. Það er talið skipta máli að ræða rétt barnsins um að vita hvernig það var getið og að útskýra fyrir foreldrum þá ábyrgð sem þau bera í því að vera hreinskilin við barnið um málið. Hlutverk félagsráðgjafans er að veita foreldrum stuðning þegar þeir vilja segja barni frá uppruna sínum. Það þarf að taka tillit til þroska og aldurs barns til að geta tekið á móti upplýsingunum en einnig að horfa til getu foreldrana til að svara spurningum barnsins þegar þessar upplýsingar liggja fyrir og getu þeirra í að styðja barnið í þessu ferli. Félagsráðgjafinn þarf að fara vel yfir lagalegan rétt barnsins, þegans og gjafans og það sé skýrt hvaða rétt barnið hefur til að leita uppruna síns (Helga Sól Ólafsdóttir, 2006).

7.4 Hlutverk félagsráðgjafa í fósturmálum

Þeir sem koma að fósturmálum eru í flestum tilfellum félagsráðgjafar. Barnaverndarnefndir sjá um að koma barni í fóstur þegar tekin hefur verið ákvörðun þar um, ávallt með samþykki foreldra og starfar félagsráðgjafi hjá slíkum nefndum. Þegar starfað er hjá barnavernd þarf félagsráðgjafinn að byggja starf sitt á því sem hann hefur tileinkað sér með menntun og reynslu því nauðsynlegt er að hafa fjölbreytta þekkingu úr öðrum faggreinum ásamt félagsráðgjöf eins og til að mynda sálfræði, lögfræði, félagsfræði og jafnvel lækisfræði. Þegar félagsráðgjafinn vinnur að fósturmálum þarf hann að geta notað þá þekkingu sem hann býr yfir úr öllum þeim faggreinum sem tengjast starfinu. Slík mál eru margbreytileg og beita þarf víðfeðmri þekkingu til að skilja og vinna vel í þessum málaflokki. Félagsráðgjafinn þarf að geta tengst barni og foreldri og náð góðu samstarfi við alla aðila til að ná að leysa vandann sem að steðjar á sem faglegastan máta (Barnaverndarlög, nr. 80/2002; Anni G. Haugen, 2008).

Félagsráðgjafar og aðrir starfsmenn barnaverndarnefnda vinna útfrá barnaverndarlögum þegar kemur að fósturmálum og reglugerðar um fóstur. Þar kemur fram hvernig eftirliti og stuðningi skal háttað við kynforeldra, fósturforeldra og fósturbarn (Barnaverndarlög, nr. 80/2002). Félagsráðgjafar vinna að fósturmálum frá upphafi til enda, þeir skoða tengsl barnsins við umhverfi sitt til að mynda hvernig tengslum er háttað í fjölskyldunni, hjá vinum og fleiri þáttum samfélagsins sem hefur áhrif á barnið. Skoða þarf aðstæðurnar frá öllum sjónarhornum til að sjá heildarmyndina

(Hrefna Ólafsdóttir, 2006). Félagsráðgjafar reyna í þeim tilvikum sem barn er í fóstri að koma þeim til kynforeldra sinna á nýjan leik ef engin hættu staðjar að og unnið hefur verið með foreldrunum að bæta aðstæður til handa barninu. Þau börn sem eiga við fötlun að etja eru líklegri til að fara í varanlegt fóstur eða verða ættleitt heldur en heilbrigð börn og foreldrar missa forsjá yfir þeim. Þau börn sem eru í fóstri og verða mögulega ættleidd í kjölfarið þurfa á mikilli ráðgjöf að halda til að þau komist yfir tilfinningalegan og sálrænan vanda (Noonan og Burke, 2005).

8 Umræður og lokaorð

Fjölskylduformið hefur breyst mikið í tímans rás og fyrir börnin hefur þetta þær afleiðingar að það getur verið flókið að átta sig á hver tilheyrir fjölskyldunni og hver ekki.

Til að flækja málin enn frekar hefur ný tækni í læknavísindum, ættleiðingar, stjúpjölskyldur og fóstur gert börnum enn erfiðara um vik að átta sig á hver eru hinir upprunalegu foreldrar. Þegar horft er til kenninga í tengslum við barnið skiptir máli að horfa til þarfa barnsins, hver tengsl þess eru við umönnunaraðila og skoða hvort líffræðilegir og félagslegir þættir skipta máli eða samþætting þessara beggja þátta.

Ekki hafa komið fram skýrar niðurstöður á því hvort líffræðilegir eða félagslegir þættir skipta meira máli í þroskaferli barnsins heldur þarf að horfa til heildarmyndarinnar og huga að því hvernig þættirnir tengjast (Beckett og Taylor, 2010).

Réttur barns á að þekkja uppruna sinn kemur fram bæði í barnasáttmálanum og í íslenskum barnalögum. Mikilvægt þykir að börn þekki báða foreldra sína og geti fengið umönnun frá þeim ef kostur er. Barnalögin hafa ákvæði sem tilgreina að mikilvægt er að barn þekki hver faðirinn er en enn sem komið er, er ákvæði í lögum um tæknifrjóvgun þar sem gjafi getur óskað nafnleyndar og ef þess er óskað hefur barnið engan rétt til að afla sér upplýsinga um hin líffræðilega föður (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 18/1992; barnalög nr.76/2003; Lög um tæknifrjóvgun nr.55/1996).

Svíþjóð, Sviss, Þýskaland, Austurríki, Holland, Nýja Sjáland og Ástralía eru dæmi um lönd þar sem krafa hefur komið fram um að börn geti aflað upplýsinga um uppruna sinn og því hefur verið komið á löggjöf þess efnis að gjafi sé ávallt nafngreindur og þeir sem eru ættleiddir geti fengið upplýsingar snemma á ævinni. Sálræn áhrif þess að hafa þessa vitneskju eru jákvæð og því er það talið mikilvægt fólki sem er ekki alið upp hjá líffræðilegum foreldrum, öðru eða báðum að fá þessar upplýsingar (Moyal og Shelley, 2010). Áhugi barna sem vita að þau hafa verið getin með tæknifrjóvgun hefur vaxið á undanförunum árum í þá átt að þau vilja þekkja líffræðilegan uppruna sinn. Þau telja að með því að þekkja líffræðilegan uppruna sinn geti það hjálpað til við að efla sjálfsmyndina og þau þekki betur hver þau eru (Ravitsky, 2010).

Hlutverk félagsráðgjafa skiptir máli þegar kemur að málefnum barna sem og réttindum þeirra en alltaf þarf að huga að því sem barninu er fyrir bestu og hafa það ávallt að leiðarljósi í starfi. Félagsráðgjafinn þarf að starfa innan ramma laganna og þarf

að þekkja þau lög sem snúa að börnum eins lögum um tæknifrjóvgun, ættleiðingarlög og barnaverndarlög ásamt barnalögum og öðrum lögum ef það tengist málefninu. Mikilvægt er fyrir félagsráðgjafann að starfa í þágu barnsins og gera það af einlægni, barninu til heilla.

Nafn höfundar

Heimildaskrá

- Ástríður Stefánsdóttir. (2010). Foreldrahlutverk og fjölskyldutengsl. Siðferðilega vangaveltur um gjafaegg, gjafasæði og staðgöngumæðrun. Í Þórhildur Líndal (ritstjóri), *Heiðursrit Ármann Snævarr 1919-2010*. (bls. 15-33). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr.
- Barnalög* nr. 76/2003.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna* nr. 18/1992.
- Barnaverndarlög* nr.80/2002.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human growth and development*. London: Sage Publications Ltd.
- Blyth, E. (2012). Access to genetic and birth origins information for people conceived following third party assisted conception in the United Kingdom. *International Journal of Children's rights*. 20(2), 300-318.
- Bond, J., Briggs, R. og Coleman, P. (2001). The Study of Ageing. Í Bond, J., Peace, S., og Coleman, P.(ritstjórar), *Ageing in Society : an introduction to the social gerontology*, (bls. 19-53). London: Sage Publications Ltd.
- Cohen, S. og Wills, T. A. (1985). Stress, Social Support, and the Buffering Hypothesis. *Psychological Bulletin*, 98(2), 310-357.
- Cho, Y. og Haslam, N. (2010). Suicidal Ideation and Distress Among Immigrant Adolescents: The Role of Acculturation, Life Stress, and Social Support. *Journal of Youth and Adolescence*, 39(4), 370-379.
- Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Reykjavík. Bókaútgáfa Orators.
- Dennis, C. -L. og Ross, L. (2006). Women's perceptions of partner support and conflict in the development of postpartum depressive symptoms. *Journal of Advanced Nursing*, 56(6), 588-599.
- Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir (ritstjórar). (2000). *Íslensk alfræðiorðabók*. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur ehf.
- Edda (2007). *Íslensk orðabók*. Reykjavík: Edda.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.). *Siðareglur íslenskra félagsráðgjafa*. Sótt 24. mars 2014 af http://www.felagsradgjof.is/Stjorn/Sidareglur_islenskra_felagsradgjafa/.

- Gísli Ágúst Gunnlaugsson (1994). Fjölskyldan í skuggsjá sögunnar. Í Ingibjörg Broddadóttir (ritstjóri). *Fjölskyldan: uppspretta lífsgilda*. (Bls. 53-61). Reykjavík: Landsnefnd um ár fjölskyldunnar: Félagsmálaráðuneytið .
- Gambrel, P. A. og Cianci, R. (2003). Maslow's hierarchy of needs: Does it apply in A collectivist culture. *Journal of Applied Management and Entrepreneurship*, 8(2), 143-161.
- Glassman, W. E. (2000). *Approaches to Psychology*. Buckingham: Open University Press.
- Gottlieb, C., Losos, O. og Lindblad, F. (2000). Disclosure of donor insemination to the child: The impact of Swedish legislation on couples' attitudes. *Human Reproduction*, 15(9), 2052-2056.
- Guðbjörg Edda Hermannsdóttir og Svava Stefánsdóttir. (2006). Félagsráðgjöf á kvennasviði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 199-210). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Gray, D. G. (2007). *Nurturing Adoption. Creating Resilience after Neglect and Trauma*. Indiana: Perspectives Press.
- Guðmundur Heiðar Frímannsson (2010). Sjálfræði, gott líf og uppeldi. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir, Vilhjálmur Árnason (ritstjórar). *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags*. (bls.31-45). Reykjavík: Siðfræðistofnun – Háskólaútgáfan.
- Hagstofa Íslands (2010). *Hagtíðindi. Mannfjöldi 2010:2*. Sótt 25.mars 2014 af <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=10823>.
- Harman, O. S. (2007). Powerful intuitions: Re-reading nature versus nurture with Charles Darwin and Clifford Geertz. *Science in Context*, 20(1), 49-70.
- Helga Sól Ólafsdóttir. (2006). Ófrjósemi – lausnir og lífsgæði. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 199-210). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2011). *Ættleiðingar á Íslandi. Í þágu hagsmuna barnsins*. Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.
- Hrefna Friðriksdóttir. (2013). *Handbók. Barnalögin nr. 76/2003 með síðari breytingum*. Reykjavík: Úlfljóttur.
- House, J. S., Umberson, D. og Landis, K. R. (1988). Structures and processes of social support. *Annual Review of Sociology*, 14, 293-318.
- Innanríkisráðuneytið. (2002). *Mikil réttarbot í frumvarpi til nýrra barnalaga*. sótt 26.febrúar 2014 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/upplýsingar/nr/753>.

- Innanríkisráðuneytið. (2014). *Foreldri barns*. sótt 26.febrúar 2014 af <http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni/raduneytis/barnalog/upplýsingar/foreldrar/>.
- International Federation of Social Workers. (2012). *Statement of Ethical Principles*. Sótt 25. mars 2014 af <http://ifsw.org/policies/statement-of-ethical-principles/>.
- Kernan, E. og Lansford, J.E. (2004). Providing for the best interests of the child?: The Adoption and Safe Families Act of 1997. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 25 (5), 523-539.
- Kristinn Karlsson. (1994). Fjölskyldur og heimili á Íslandi, breytingar síðustu áratugi og sérstaða Íslands. Í Ingibjörg Broddadóttir (ritstjóri). *Fjölskyldan: uppspretta lífsgilda*. (Bls. 129-149). Reykjavík: Landsnefnd um ár fjölskyldunnar: Félagsmálaráðuneytið.
- Kristján Þór Júlíusson. (2013-2014). Staðgöngumæðrun munnleg skýrsla heilbrigðisráðherra. *Alþingistiðindi B-deild*. Sótt 4.apríl af <http://www.althingi.is/altext/raeda/143/rad20140129T172957.html>.
- Lög um heilbrigðisstarfsmenn* nr. 34/2012.
- Lög um tæknifrjóvgun* nr.55/1996
- Moyal, D. og Shelley, C. (2010). Future Child's rights in new reproductive technology:thinking outside the tube and maintaining the connections. *Family Court Review*,48(3), 431-446.
- Newman, D.M. (2002). *The Sociology of Families*. London: Sage publication.
- Noonan, K. og Burke, K. (2005). Termination of parental rights: Which foster care children are affected? *The Social Science Journal*, 42(2),241-256.
- Páll Skúlason. (1990). *Siðfræði. Um erfiðleika í siðferði og forsendur ákvarðana*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í siðfræði og Birtingur.
- Ravitsky, V. (2010). Knowing Where You Come From": The Rights of Donor-Conceived Individuals and the Meaning of Genetic Relatedness. *Minnesota Journal of Law, Science & Technology*, 11(2):655-684.
- Reglugerð um fóstur* nr. 804/2004.
- Rijken, A. J. og Knijn, T. (2009). Couples' decisions to have a first child: Comparing pathways to early and late parenthood. *Demographic Research*, 21, 765-802.
- Russell, J. (1999). Counselling and the social construction of self. *British Journal of Guidance & Counselling*, 27(3), 339-352.
- Salvör Nordal (2010). Tæknifrjóvgun og staðgöngumæður út frá hagsmunum barna. Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir, Vilhjálmur Árnason (ritstjórar). *Velferð barna –*

gildismat og ábyrgð samfélags. (bls.89-103). Siðfræðistofnun – Háskólaútgáfan: Reykjavík.

Shreffler, K. M., Johnson, D.R. og Sceuble, L.K. (2010). Ethical problems with infertility treatments: Attitudes and explanations. *The Social Science Journal*, 47(4), 731-746.

Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H.Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J.Grétarsson. (1995), *Barnafjölskyldur. Samfélag, lífsgildi, mótun. Rannsókn á högum foreldra og barna á Íslandi*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.

Sigrún Júlíusdóttir (2001). *Fjölskyldur við aldahvörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sigrún Júlíusdóttir (2006). Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu – eitt sérfræðisvið. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn. Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu*. Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd.

Sommerville M. (2007). Children's human rights and unlinking child-parent biological bonds with adoption same-sex marriage and new reproductive technologies. *Journal of family studies*. 13(2), 179-201.

Stewart, S.D. (2005). How the birth of a child affects involvement with stepchildren. *Journal of Marriage and Family*, 67(2), 461-473.

Sæunn Kjartansdóttir (2009). *Árin sem enginn man. Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*. Reykjavík: Mál og menning.

Valgerður Halldórsdóttir (2012). *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaður og stjúp tengsl*. Reykjavík: Vaka-Helgafell.

Vilhjálmur Árnason. (2003). *Siðfræði lífs og dauða*. Reykjavík: Háskóli Íslands, Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.

Þingskjal 4. (2011-2012). Tillaga að þingályktunartillögu um staðgöngumæðrun. *Alþingistíðindi A-deild*. Sótt 4.apríl af <http://www.althingi.is/altext/140/s/0004.html>.

Þórhallur Heimisson.(2006).*Hjónaband og sambúð; leiðir til að efla ást, vináttu og hamingju*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Þórhildur Línal og Flóki Guðmundsson (ritstjórar). (2007). *Barnasáttmálinn:rit um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun í íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík,UNICEF.

Ættleiðingarlög nr. 130/1999